

Langavatn



Langavatn á Mýrum liggur í sunnanverðum Langadal í Mýrasýslu, norðaustur af Grímsstaðamúla. Langavatn er um 5,1 km² að flatarmáli og hefur 36 metra dýpi, þegar mest er. Það liggur 215 metra yfir sjávarmáli í fallegu umhverfi. Þangað rennur Langavatnsá að norðan, en Beilá að austan. Úr suðvesturhorni þess fellur hin kunna Langá til suðurs. Langavatn hefur verið notað til vatnsmiðlunar og því getur yfirborðshæð þess verið nokkuð breytileg. Helstu veiðistaðir eru austarlega í vatninu við hólma, sem eru fram undan leitarmannakofa við vatnið. Góðir veiðistaðir eru einnig við útfall Langár.



Skemmtiferð á Laugarvatn

Ferðafélag Íslands stendur fyrir skemmtiferð
á Laugarvatn þann 15. maí næstkomandi.

Lagt verður af stað frá Kársnesskóla kl. 8.30.

Þetta er dagsferð og er áætluð
heimkoma um kl. 17.

Verð fyrir fullorðna er kr. 8000 og kr. 2500
fyrir börn yngri en 12 ára.

Innifalið í verðinu er rútuferð, matur í
hádeginu og inngangseyrir
í Laugarvatn Fontana.



Vötn á Íslandi



Jón Jónsson 5.- K

Mývatn



Mývatn er stöðuvatn í Suður-Þingeyjarsýslu, skammt frá Kröflu. Mývatn er fjórða stærsta stöðuvatn Íslands, um 37 ferkílómetrar að stærð. Vatnið er fremur grunnt, eða fimm metrar þar sem dýpst er. Í vatninu eru um 40 litlar eyjar og þykja þær gefa vatninu ægifagurt yfirbragð. Innrennsli í vatnið er að mestu frá lindum sem eru víða við það austan- og sunnanvert. Úr Mývatni rennur Laxá.

Mývatn er einna þekktast fyrir fjölskrúðugt fuglalíf - t.d. eru fleiri andategundir þar en á nokkrum öðrum stað heimsins. Kísiliðjan vann kísilgúr úr vatninu af í tæpa fjóra áratugi, en vinnsla var hætt 28. nóvember 2004 og verksmiðjan rifin ári síðar.

Laugarvatn

Laugarvatn er stöðuvatn í Laugardal í Bláskógabyggð, en við vatnið stendur samnefnt þorp. Vatnið er grunnt, mesta dýpi er um 2 metrar, og fullt af gróðri og við það er heit laug. Hermt er að sumir heiðingjar hafi eftir kristnitöku árið 1000 verið skírðir í þessari laug og hún kölluð Vígðalaug. En þar voru lík Jóns Arasonar, biskups og sona hans þvegin er þau voru flutt frá Skálholti norður yfir heiðar eftir aftökuþeirra í nóvember 1550.

Á Laugarvatni er Menntaskólinn að Laugarvatni og Íþróttakennaraskóli Íslands og hefur myndast þorp kringum hann. Áður var þaðhéraðsskóli, og stendur skólahúsið enn uppi að hluta.



Svínavatn



Svínavatn er annað stærsta stöðuvatn í Húnaþingi, næst á eftir Hópinu. Er Svínavatn 11.78 km², liðlega 10 km langt og 1-2 km breitt, mjóst um miðju. Liggur vatnið í 123 m hæð y.f. Umhverfis vatnið er byggð í Húnavatnshreppi. Í vatninu er töluverð silungsveiði. Afrennsli vatnsins er Fremri-Laxá sem rennur í Laxárvatn en yfirborð þess er 36 m lægra en yfirborð Svínavatns.

Austan Svínavatns, í landi Sólheima, er Beigaðarhóll. Þar á Beigaður, göltur Ingimundar gamla Þorsteinssonar, landnámsmanns á Hofi í Vatnsdal, að hafa tekið land og sprungið þegar han svam yfir vatnið. Veiði er seld að Mosfelli við sunnanvert Svínavatn.